



Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Steinn Jóhannsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Reykjavík, 2. október 2025

SFS25080246

SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa foreldra barna í leikskólum um lokanir leikskóla vegna ábendinga Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

Á fundi skóla- og frístundaráðs, 25. ágúst 2025, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins

Hversu oft hefur Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur farið fram á lokun á leikskóla í Reykjavík að hluta til eða í heild vegna ófullnægjandi þrifa, músagangs eða annarra hættulegra aðstæðna í húsnæði undanfarin 10 ár? Hversu lengi hafa þær lokanir staðið? Ekki er endilega óskað eftir upplýsingum greindum niður á leikskóla heldur t.d. fjöldi tilvika á ári og tímalengd hvernar lokunar og yfirlit yfir ástæður þessara lokana. Æskilegt væri einnig að fá upplýsingar um hvort um er að ræða leikskóla sem rekinn er af borginni eða einkaaðilum.

Svar:

Fyrirspurnin var send Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur til umsagnar og er svar þeirra, dags. 19. september 2025, hér meðfylgjandi.



Reykjavík



Reykjavík, 19. september 2025

Tilvísun HER: HER-202509-2600

Tilvísun SFS: SFS25080246

Skóla og frístundaráð Reykjavíkur
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

Efni: Umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur vegna fyrirspurnar áheyrnafulltrúa foreldra barna í leikskólum um lokanir leikskóla vegna ábendinga Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur.

Í fyrirspurninni er óskað upplýsinga um það hversu oft Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur hefur farið fram á lokun leikskóla í Reykjavík að hluta til eða í heild vegna ófullnægjandi þrifa, músagangs eða annarra hættulegra aðstæðna í húsnæði undanfarin 10 ár og hversu lengi lokanir hafa staðið. Í fyrirspurninni kom fram að æskilegt væri að fá upplýsingar um hvort um væri að ræða leikskóla reknum af borginni eða einkaaðilum.

Svar HER.

Skjalvistunarkerfi HER er rúmlega 25 ára gamalt og bíður ekki upp á að upplýsingar í takti við fyrirspurnina séu teknar saman, hvorki um fjölda tilvika, um hvaða leikskóla er að ræða né hverjir eru rekstraraðilar. Til þess að taka þær saman þyrfti því að fara í gegnum hverja og eina skýrslu og skrá upplýsingar um lokanir sem er gríðarleg vinna.

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur er stjórnvald og sem slíkt ber því að beita vægasta úrræði sem talið er bera árangur hverju sinni. Lokun starfsemi er mjög íþyngjandi aðgerð og er ekki tekin nema fullt tilefni sé til og aðrar leiðir ekki taldar færar. Slíkri ákvörðun er beint eins takmarkað og hægt er hvað varðar umfang þess hluta starfseminnar sem aðgerðin beinist að.

Óhætt er að segja að lokun á leikskóla í heild er afar sjaldgæf aðgerð, jafnvel einsdæmi. Lokun eða takmörkun á starfsemi að hluta til á leikskóla er einnig sjaldgæf aðgerð en samt nokkru algengari en lokun í heild. Rétt er að benda á að ekki kemur alltaf til þess að Heilbrigðiseftirlitið taki ákvörðun um lokun t.d. eldhús af þeim ástæðum sem tilgreindar eru í fyrirspurninni, heldur er algengara að viðkomandi leikskólastjóri taki ákvörðun um slíkt í samráði við heilbrigðisfulltrúa á meðan á eftirliti stendur í ljósi frávika sem fram koma í eftirlitinu.

Þegar Heilbrigðiseftirlitið stendur fyrir takmörkun eða lokun á starfsemi eru um leið settar fram kröfur um úrbætur á þeim atriðum sem ekki eru í samræmi við kröfur, t.d. úrbætur er varða meindýravarnir eða sértæk eða alsherjarþrif. Takmörkun eða lokun varir þar til úrbótum er lokið. Það eru því ekki sett ákveðin tímamörk en takmörkunin varir þar til staðfest er að úrbótum er lokið. Hversu lengi takmörkun eða lokun varir er alfarið undir rekstraraðila komin og hversu hratt hann ræðst í úrbætur.

F.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur,

Guðjón Ingi Eggertsson
Deildarstjóri Umhverfiseftirlits